

# **Rökstuðningur fyrir vali á tilnefningu Íslands til EDEN verðlaunanna 2011**

## **– gæðaáfangastaður sem tengist endurnýjun staða/svæða -**

### **Hluti 1 - Staður eða svæði sem hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga**

Stykkishólmur hefur eflst sem áfangastaður fyrir ferðamenn á síðustu árum og gegnir ferðþjónusta æ mikilvægara hlutverki í atvinnusköpun og tekjuöflun bæjarins. Við uppbyggingu ferðþjónustunnar hefur m.a. verið tekið mið af hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar um varðveislu menningarminja, sögu og náttúru. Eitt helsta aðdráttarafl Stykkishólms eru gömlu húsin sem hafa gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og gegna nú mörg hver ferðþjónustutengdu hlutverki. Þannig hefur elsta íbúðarhús bæjarins fengið nýtt hlutverk og hýsir nú byggðasafn, í ambókasafninu er nú starfrækt vatnasafn, í gamla bíóinu eldfjallasafn, í bakaríinu farfuglaheimili, í apótekinu verslun fyrir ferðamenn svo eitthvað sé nefnt. Gömlu húsin setja skemmtilegan svip á bæinn og gefa einstaka mynd að byggingarsögu þjóðarinnar.

Bæjarfélagið tók upp markvissa stefnu um endurgerð gamalla húsa á áttunda áratug síðustu aldar og hefur fylgt þeirri stefnu síðan. Lögð hefur verið áhersla á að viðhalda gömlu bæjarmyndinni og varðveita þann menningararf sem felst í gömlum húsum bæjarins sem mörg hver eru frá 19. öld. Þátttaka eigenda gömlu húsanna hefur skipt sköpum í þessari verndaráætlun og hafa þeir tekið virkan þátt í endurnýjun og viðhaldi þeirra.

### **Hluti II - Verkefni stuðlar að félags-/ menningar- og umhverfilegri sjálfbærni áfangastaðarins**

Stykkishólmur hefur breyst úr hefðbundnu sjávarþorpi í bæjarsamfélag þar sem fjölbreyttir atvinnuvegir eru fyrir hendi. Ferðþjónusta hefur haft jákvæð áhrif á uppbyggingu bæjarins og aukið hagvöxt og fjölbreytni atvinnulífsins og liggja mikil tækifæri í fjölgun ferðamanna og lengingu ferðamannatímans. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku varðandi efnahagslega, menningarlega og félagslega þætti. Þar sem áður voru gömul hús í niðurníðslu er nú starfrækt blómleg þjónusta sem ferðamenn og heimamenn njóta góðs af og sífellt bætast við ný tækifæri til frekari uppbyggingar. Sú markvissa stefnumörkun sem bæjaryfirvöld hafa innleitt í anda sjálfbærni hefur bætt vitund heimamanna um umhverfi og sögu staðarins og hefur jafnframt aukið ánægju þeirra með búsetuskilyrði sín.

Stykkishólmur hefur verið virkt í innleiðingu sjálfbærnistefnu og hefur unnið markvisst að umhverfisvottun frá 2003. Stykkishólmur sem eitt af fimm sveitarfélögum á Snæfellsnesi fékk fullnaðarvottun Earthcheck (áður Green Globe) árið 2008 sem var síðan endurnýjuð árið 2010 en um er að ræða alþjóðlegt vottunarkerfi sem er notað á ferðþjónustufyrirtæki og ferðaáfangastaði sem vilja stuðla að sjálfbærri þróun. Smábátahöfnin í Stykkishólmi var fyrst allra hafna á Íslandi til að hljóta hina alþjóðlegu viðurkenningu Bláfánans og grunnskólinn í Stykkishólmi hefur hlotið umhverfismerki Grænfanans. Auk þess hefur Stykkishólmur hlotið skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélags Íslands fyrir vel heppnað bæjarskipulag.

### **Hluti III - Umhverfisvitund og markaðssetning**

Bæjarfélagið Stykkishólmur hefur staðið að markvissri kynningu á bænum sem áfangastað fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Jafnframt hefur bæjarfélagið átt í nánu samstarfi við nágrannasveitarfélögin þar sem lagst hefur verið á eitt í samþættri kynningarstarfsemi með áherslu á umhverfisþætti og sjálfbærni. Náin samvinna með sveitarfélögum og öðrum þjónustuaðilum á Snæfellsnesi og Vesturlandi styrkti umsóknina enn fremur verulega.

Umsóknin endurspeglar þann metnað sem hefur ríkt í sveitarfélaginu á vegferðinni til sjálfbærrar þróunar. Dómnefnd var einróma um að áfangastaðurinn Stykkishólmur og sú uppbygging og endurnýjun sem þar hefur átt sér stað falli mjög vel að þema EDEN verðlaunanna að þessu sinni og sé því vel að tilnefningunni kominn. Vonast er til að verðlaunin styðji við markaðssetningu áfangastaðarins Stykkishólms. Dómnefndin óskar aðstandendum verkefnisins velfarnaðar í framtíðinni.

Hugrún Heimisdóttir

Jón Gunnar Borgþórsson

Oddný Þóra Óladóttir